

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

45. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022 4.2.2022

Árið 2022, föstudaginn 11. mars 2022 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurbrepps í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Ásgeir Hólm Agnarsson, G. Birgir Ragnarsson og Karl Guðmundur Kjartansson.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd. Umræðum um byggðakvóta verður frestað þar til niðurstaða um sérreglur liggur fyrir frá ráðuneyti.

2. Fundargerð 26. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 9.3.2022.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

3. Fundargerð 14. fundar fræðslu-, tómsundar-, menningar- og kynningarnefndar dags. 8.3.2022.

Fundargerð samþykkt án athugasemda.

4. Umsagnarmál, fundargerðir og kynning mála:

IRN22011186/8.13: Umsögn vegna erindis Umhverfis- og auðlindaráðuneytis; Undanþága frá Skipulagsreglugerð vegna fjarlægðar frá sjó: Eyri, Ísafirði.

Þegar afgreitt á nefndarfundi þann 9.3.2022.

349. mál frá nefndasviði Alþingis – frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkóla og hryggleysingja).

Sveitarstjórn leggst gegn kvótasetningu framangreindra tegunda.

71. mál frá nefndasviði Alþingis – frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu).

Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu.

51. mál frá nefndasviði Alþingis - tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Kynnt sveitarstjórn sem tekur ekki afstöðu.

53. mál frá nefndasviði Alþingis – frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 – íbúakosningar á vegum sveitarfélaga.

Sveitarstjórn fangar framkomnu frumvarpi til breytinga á sveitarstjórnarlögum varðandi íbúakosningar.

78. mál frá nefndasviði Alþingis - frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldastofn fasteignaskatts).

57. mál frá nefndasviði alþingis – dýrahald í fjöleignarhúsum.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga.

Fundargerð 442. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Lögð fram til kynningar.

Fundargerð 137. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 17.2.2022.

Lögð fram til kynningar.

Áskorun sveitarfélagsins Vogar vegna Suðurnesjalínu 2 – Bókun bæjarráðs Voga.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps tekur undir með sveitarfélaginu Vogar að skipulagsvald er í höndum sveitarfélaga. Framangreind lagning Suðurnesjalínu 2 fer gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga ef ekki er virtur réttur sveitarfélagsins til aðkomu að skipulagsmálum innan sveitarfélagsins.

5. Styrkbeiðnir:

Aldrei fór ég suður – styrkbeiðni.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og leggur til að keypt verði auglýsing fyrir sveitarfélagið.

Jólalest Vestfjarða – styrkbeiðni.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og leggur til að veittur verði styrkur að fjárhæð 100.000.-

Mæting á fund – Sigurgísli Ingimarsson. Gerir grein fyrir uppbyggingu Ísafjarðarár með áform og beiðni um áframhaldandi leigusamning.

**Sveitarstjóri,
Bragi Þór Thoroddsen**

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:15..

**Samúel Kristjánsson
oddviti**

Samuel Kristjánsson

Karl & Kærlum
Guðm. Þ. Ragnass.

Ísgeir Hólm Agnarsson